

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 4/2023-2024

Kærandi: Elín Frímansdóttir

Kærðu: Atli Ísleifsson (visir.is)

Kæruefni: Myndbirting með frétt um alvarlegt bílslys á Grindavíkurvegi. Fréttin birtist þann 30. janúar 2024 á Vísi.is undir fyrirsögninni „Alvarlegt bílslys á Grindavíkurvegi“. Kærandi telur fréttina og myndbirtinguna brjóta gegn 8. grein alþjóðlegra siðareglna blaðamanna.

Málsmeðferð: Kæran barst skrifstofu BÍ 31. janúar 2024. Leitað var andsvara kærða sem bárust 14. febrúar. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 6. febrúar, 27. febrúar og 5. mars.

Málavextir: Þann 30. janúar varð alvarlegt bílslys á Grindavíkurvegi. Frétt birtist um slysið á visir.is um hálfri klukkustund eftir að viðbragðsaðilum barst tilkynning um slysið. Með fréttinni birtist aðsend mynd sem tekin var á vettvangi. Myndin sýnir aðstæður á slysstað. Á henni sést grár pallbill. Ökumaður og farþegi í bílnum létust í slysinu. Kærandi er dóttir hjónanna sem létust í slysinu.

Kærandi telur að birting aðsendrar ljósmyndar með fréttinni brjóti gegn 8. grein alþjóðlegra siðareglna blaðamanna sem hljóðar svo: „Blaðamaðurinn virðir friðhelgi einkalífs. Hann/hún gætir að virðingu þeirra einstaklinga sem nafngreindir eru eða fjallað er um og upplýsir viðmælenda um hvort viðtal/samtal er ætlað til birtingar. Hann/hún sýnir sérstaka tillitssemi gagnvart óreyndum viðmælendum eða viðmælendum sem eru í viðkvæmri stöðu.“ Kærandi telur að með myndbirtingunni hafi blaðamaðurinn brotið gegn friðhelgi einkalífs foreldra hennar, sem á þeim tíma sem myndin var tekin voru látin inni í bílnum.

Andsvör kærða bárust með tölvupósti þann 14. febrúar. Kærði fer fram á frávísun málsins, á þeim forsendum að Siðanefnd BÍ hafi ekki umboð til að fjalla um mál sem kærð eru eingöngu með vísan til alþjóðlegra siðareglna. Telji Siðanefnd sig færa til að taka málið til efnislegrar umfjöllunar fer kærði fram á sýknu. Myndin sé tekin með víðu skoti og ekki sé hægt að greina bílnúmer. Þá sé vettvangur umferðarslysa mál sem varðar almannahagsmuni og því hafi blaðamaður fullt frelsi til að afla og birta upplýsingar um hann.

Umfjöllun

Kærandi telur myndina sem fylgir fréttinni brjóta gegn 8. grein alþjóðlegra siðareglna blaðamanna og kærir á þeim forsendum. Í andsvörum kærða kemur fram það sjónarmið að málsmeðferðarreglur Siðanefndar BÍ kveði á um að Siðanefnd geti eingöngu fjallað um mál sem

varða brot á siðareglum BÍ og því beri að vísa málinu frá. Siðanefnd hefur ekki gert þá kröfu til kæranda að þeir tilgreini í kærnum sínum þær siðareglur sem þeir telja að hafi verið brotnar í hinni kærðu umfjöllun, í hinni kærðu umfjöllun, heldur hefur nefnd sjálf lagt mat á hvort kærð umfjöllun hafi verið brot og þá á hvaða siðareglum. Siðanefnd tók málið því til efnislegrar meðferðar.

Samkvæmt upplýsingum frá kæranda birtist fréttin og meðfylgjandi mynd um hálfri klukkustund eftir að tilkynning barst um slysið. Kærandi telur myndbirtinguna brjóta gegn friðhelgi einkalífs foreldra hennar, sem létu lífið í slysinu.

Kærða fréttin fjallar um alvarlegt umferðarslys þar sem rákust saman pallbíll og steypubíll. Í fréttinni er sagt frá því að alvarlegt umferðarslys hafi orðið á Grindavíkurvegi, en síðar kom í ljós að um banaslys var að ræða. Fréttir af alvarlegum umferðarslysum varða almannahagsmuni og eiga erindi til almennings. Á myndinni sem fylgir fréttinni, og er helsta kæruefnið, sést vettvangur slyssins og aðstæður á slysstað. Skotið er vítt og ekki er hægt að greina bílnúmer. Á myndinni sést að um gráan pallbíl er að ræða, en frekari upplýsingar um bílinn er ekki hægt að sjá á myndinni. Siðanefnd telur að ekki hafi verið farið ógætilega í myndbirtingu, enda hafi myndbirtingin verið til þess fallin að sýna aðstæður á slysstað, en auðkennandi upplýsingar um bílinn, á borð við bílnúmer, eru ekki sýnileg. Af þeim sökum er það mat Siðanefndar að ekki hafi verið farið ógætilega í myndbirtingu. Fréttin og myndin birtust um hálfri klukkustund eftir að tilkynning hafði borist um slysið. Það átti sér stað á fjölförnum vegi og því ekki hægt að gera athugasemd við myndbirtingu svo skömmu eftir að það átti sér stað.

Siðanefnd hefur áður felld úrskurði í tveimur sambærilegum málum. Í máli 4/1995 var birt mynd af slysstað þar sem banaslys hafði orðið á Suðurlandsvegi. Í úrskurði Siðanefndar kemur fram að þar sem flak bifreiðarinnar hafi verið óþekktanlegt, og ekki hafi verið farið ógætilega í myndbirtingu, hafi siðareglur ekki verið brotnar. Í máli 2/2012-2013 var kærð myndbirting af flugslysi á Suðurnesjum. Í því tilfelli hafði slysið orðið á fjölförnum stað og því ekki hægt að gera athugasemdir við að miðillinn hafi talið sig þurfa að birta fréttina svo skömmu eftir slysið.

Úrskurður

Kærði, Atli Ísleifsson, telst ekki hafa brotið siðareglur Bláamannafélags Íslands.

Reykjavík 04.03.2024




Ásgeir Þór Árnason



Brynhildur Ólafsdóttir



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Pálmi Jónasson



Valgerður Anna Jóhannsdóttir